

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Desember 2025

Málefni Þjóðkirkjunnar

Traust til Þjóðkirkjunnar


Rúmlega 47% þeirra sem taka afstöðu bera mikið traust til Þjóðkirkjunnar á móti 22% sem bera lítið traust til hennar. Um þrír af hverjum tíu segjast hvorki bera mikið né lítið traust til hennar. Rúmlega 4% taka ekki afstöðu.

Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Þjóðkirkjunnar?



Traust til Þjóðkirkjunnar hefur aukist mikið frá því fyrir tveimur árum og mælist nánast jafn mikið nú og fyrir hrún.

Þróun á hlutfalli þeirra sem bera mikið eða fullkomið traust til Þjóðkirkjunnar




Karlar bera minna traust til þjóðkirkjunnar en konur. Fólk ber frekar traust til kirkjunnar eftir því sem það er eldra. Einnig er munur á svörum fólks eftir menntun, tekjum og því hvaða flokk það kysi ef kosið yrði til Alþingis nú. Þau sem kysu Framsóknarflokkinn bera mest traust til kirkjunnar en þau sem myndu skila auðu eða ekki kjósa bera minnst traust til hennar.

Greiningar

Kyn *



Aldur *




Menntun *



Fjölskyldutekjur *



Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *




* Marktækur munur á milli hópa


Biskup Íslands

Næstum 57% þeirra sem taka afstöðu eru ánægð með störf Guðrúnar Karls Helgudóttur, biskups Íslands, á móti rúmlega 11% sem eru óánægð með þau. Rúmlega 32% segjast hvorki ánægð né óánægð með þau. Nær 15% taka ekki afstöðu.


Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með störf Guðrúnar Karls Helgudóttur, biskups Íslands?




■ Að öllu leyti ánægð(ur) ■ Mjög ánægð(ur) ■ Frekar ánægð(ur) ■ Hvorki né ■ Frekar óánægð(ur) ■ Mjög óánægð(ur) ■ Að öllu leyti óánægð(ur)



Reynslan sýnir að ánægja með störf biskupa og fleiri embættismanna er oft mest í byrjun en hlutfall þeirra sem eru ánægð með störf Guðrúnar er hærra en hlutfall þeirra sem voru ánægð með störf Agnesar M. Sigurðardóttur þegar hún hóf störf fyrir rúmum áratug.



Konur eru ánægðari með störf Guðrúnar en karlar. Fólk um og yfir miðjum aldri er ánægðast með störf hennar en ungt fólk er síst ánægt með þau. Einnig er munur á svörum fólks eftir menntun og því hvaða flokk það kysi ef kosið yrði til Alþingis nú. Þau sem kysu aðra flokka en þá sem eiga sæti á þingi eru ánægðust með störf Guðrúnar en þar á eftir þau sem kysu Framsóknarflokkinn. Þau sem kysu Miðflokkinn eru óánægðust með störf hennar.



* Marktækur munur á milli hópa

Aðskilnaður ríkis og kirkju


Nær 48% þeirra sem taka afstöðu eru hlynnt aðskilnaði ríkis og kirkju á móti rúmlega 28% sem eru andvíg honum en 24% segjast hvorki hlynnt né andvíg. Um 7% taka ekki afstöðu.

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) aðskilnaði ríkis og kirkju?




Þó hlutfall þeirra sem eru hlynntir aðskilnaði sé hátt í tvöfalt hærri en hlutfall þeirra sem eru andvígir honum hefur hlutfall hlynntra ekki mælst lægra í næstum tvo áratugi.

Þróun hlutfalls þeirra sem eru hlynntir aðskilnaði ríkis og kirkju



Karlar eru frekar andvígir aðskilnaði ríkis og kirkju en konur, sem eru frekar hvorki hlynntar né andvígir honum. Fólk er almennt hlynntara aðskilnaði eftir því sem það er yngri. Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru hlynntari aðskilnaði en íbúar landsbyggðarinnar. Þau sem kysu aðra flokka en þá sem eiga sæti á þingi ef kosið yrði til Alþingis nú eru hlynntust aðskilnaði ríkis og kirkju en þar á eftir þau sem kysu Samfylkinguna. Þau sem kysu Framsóknarflokkinn eru andvígust aðskilnaði.

Greiningar



* Marktækur munur á milli hópa

Spurt var:

- Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Þjóðkirkjunnar?
- Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með störf Guðrúnar Karls Helgudóttur, biskups Íslands?
- Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) aðskilnaði ríkis og kirkju?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 30. október til 26. nóvember 2025. Heildarúrtaksstærð var 2.815 og þátttökuhlutfall var 43,5%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.